

**Nd.**

**125. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um lann embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem borið er fram af stjórninni, og leggur til, að það verði samþykkt af háttv. þingdeild.

Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt, að stjórnin undirbúi eftir föngrn fyrir Alþingi 1929 framtíðarskipulag launamálanna. Þyki nauðsynlegt að skipa millipinganefnd i málið, virðist nægur tími að gera það á því þingi, þar sem ætlað er með frumvarpi þessu að framlengja dýrtíðarnppbótina til ársloka 1930.

Alþingi, 8. febr. 1928.

Halldór Stefánsson, formaðnr.	Hannes Jónsson, frsm.
Hjediinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.
	Ólafur Thors, með fyrirvara.